



| |
|--|
|  Skipulagsstofnun |
| Mótt.: 16 des. 2024 |
| Mál nr. 202402063 |

AÐALSKIPULAG RANGÁRPINGS YTRA 2016-2028

Breyting aðalskipulags

Efnistaka við Langöldu, Landmannafrétti

26.03.2024

Br. 15.11.2024



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,

með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 11.12.2024



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 8.1.25



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 01.02.2024 með athugasemdafresti til: 29.02.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 27.09.2024, með athugasemdafresti til: 13.11.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALÝKILL

108288-GRG-001-V03

HÖFUNDUR

Margrét Sigurðardóttir/Brynja Rán Egilsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson/Brynja Rán Egilsdóttir

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-------|---|----|
| 1 | INNGANGUR | 4 |
| 1.1 | Skipulagsgögn | 4 |
| 2 | FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR | 4 |
| 3 | TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR | 5 |
| 3.1 | Landsskipulagsstefna 2024-20382015-2026 | 5 |
| 3.2 | Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 | 5 |
| 3.3 | Orkustefna til ársins 2050 | 7 |
| 3.4 | Þjóðlenda | 8 |
| 3.5 | Vatnaáætlun 2022-2027 | 8 |
| 3.6 | Fornminjar | 9 |
| 4 | BREYTING Á AÐALSKIPULAGI | 9 |
| 4.1 | Breyting á uppdrætti | 9 |
| 4.2 | Breyting á greinargerð | 9 |
| 5 | UMHVERFISMATSSKÝRSLA | 10 |
| 5.1 | Tengsl við aðrar áætlanir | 10 |
| 5.2 | Umhverfisþættir og áherslur | 10 |
| 5.3 | Valkostir | 11 |
| 5.4 | Mat á umhverfisáhrifum | 12 |
| 5.4.1 | Niðurstaða | 12 |
| 6 | SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ | 13 |
| 6.1 | Umsagnaraðilar | 13 |
| 6.2 | Skipulagsferli | 13 |
| 6.3 | Breytingar að lokinni auglýsingu | 13 |

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem skógræktar- og landgræðsluslusvæði (SL26), og innan hverfisverndar HV13 Rangárvalla- og Landmannafréttur. Þar að auki er svæðið þjóðlenda.

Gert er ráð fyrir enduropnum efnistökusvæðis í Langöldu sem verður m.a. nýtt fyrir framkvæmdir við gerð vindlundar ofan Búrfells. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030. Heildarstærð efnistökusvæðis er um 11,4 ha.

Í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, liður 2.02 í 1. viðauka eru framkvæmdirnar, sem fyrirhuguð skipulagsbreyting mun taka til, tilkynningaskyldar. Fyrirspurn um matsskyldu verður unnin samhliða skipulagsáætlunum og send til Skipulagsstofnunar.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsupprættur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Efnistökusvæðið er enduropnað og er staðsett vestan til í Langöldu, skammt ofan nýs vindlundar, ofan Þjórsár. Efnistökusvæðið kemur til með að vera nýtt til uppbyggingar á vindlundar í Búrfelli en náman var upphaflega notuð við gerð á Sultartangastíflu á árunum 1982-84, því er ekki um að ræða óraskað svæði að ræða nema að litlu leyti. Í samningi Landsvirkjunar við Íslenska ríkið frá 2021 er heimilið efnistaka úr námunni fyrir starfsemi fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að allt að 250.000 m³ af efni verði tekið úr námunni á árunum 2024-2030. Að lokinni notkun námunnar verður unnið að frágangi og landmótun svæðis, fláar skornir niður og svæðið jafnað. Reynt verður, eftir því sem kostur er að skila svæðinu aftur í fyrra horf og þá verði hægt að breyta því aftur í skilgreint skógræktar og landgræðsluslusvæði.

Aðkoma að svæðinu er frá Sprengisandsleið (nr. 26) og nú þegar eru gamlar námuvegir og slóðar að námunni sem þó þarfust endurbóta. Ekki verður þörf á að loka vegum/slóðum sérstaklega á vinnslutíma. Núverandi landnotkun svæðisins er innan skilgreindar landgræðslu- og skógræktarsvæði og er það hluti af SL26 Árskógar þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu lands. Einnig er það skilgreint sem þjóðlenda. Þá er svæðið innan hverfisverndar HV13 sem tekur yfir Rangárvalla og Landmannafrétt.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Ní er að finna vistgerðirnar sanda- og vikravist, eyðimelavist, grasmelavist og hélimosavist. Allar þessar vistgerðir eru með lágt verndargildi. Svæðið hefur ekki verið grætt upp.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „*að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum*“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almenndri *velsæld samfélagsins* og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að *samkeppnishæfu atvinnulífi* með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.


3.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í kafla 2.3.9 **Efnistöku- og efnislosunarsvæði** í gildandi aðalskipulagi er eftirfarandi stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, þ.e.a.s. friðlýstum svæðum eða svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir riflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Flestar námur í sveitarfélagini eru nýttar til vegagerðar og eru þær í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif.

Námur verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnitöku lýkur. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð 772/2012. Þegar efnistökusvæði er valið



Mynd 1. Breytt Aðalskipulag Rangárþings ytra. Staðsetning fyrirhugaðrar námu er sýnd með rauðum hring.

þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efnið til þess sem það er best til fallið. Í kafla 2.7.4 **Hverfisvernd** eru eftirfarandi ákvæði:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun og beitarstýringu á svæðinu.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Vanda skal til allra framkvæmda sem heimilaðar verða, ganga frá byggingum og umhverfi svo fljótt sem verða má og tryggja góðan frágang fráveitu.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

| NR | HEITI SVÆÐIS | LÝSING | JÖRD/JARÐIR |
|------|----------------------------------|--|-------------|
| HV13 | Rangárvalla- og Landmannafréttir | Afréttarsvæðin sunnan Tunngáar. Stór samfelld svæði gosminja, viðlend hraunasvæði og eldstöðvar, þ.a.m. Hekla og Torfajökull. Ekki verður hróflað við minjum á svæðinu, s.s. gömlum vörðum eða skánum án samráðs við Minjastofnun. | Afréttur |

Í kafla 2.3.1 **Skógræktar- og landgræðslusvæði** er eftirfarandi stefna:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.
- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásýnd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Skógrækt er viðurkennd aðferð til bindingar kolefnis í jarðvegi. Auk þess veitir skógrækt skjól gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Mikilvægt er að skógrækt falli vel að landslagi og ekki verði plantað skógi fyrir góða útsýnisstaði.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúrumjaskrá og fornminja. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

SKÓGRÆKTAR OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI

| NR | HEITI SVÆÐIS | LÝSING |
|------|--------------|---|
| SL26 | Árskógar | Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha. |

Samræmi breytingar við landsskipulagsstefnu og aðalskipulag

Breytingin er í samræmi við landsskipulagsstefnu er varðar skipulagsákvarðanir um landnýtingu og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutnings, þar sem breytingin tengist orkuvinnslu við Búrfellslund. Þar að auki samræmist breytingin stefnu um vistheimt, eflingu og verndun gróðurs og jarðvegs þar sem landslagsgreining og vistgerðaflokkun er í fyrirrúmi við skipulagsákvarðanir, þar sem verið sé að stuðla að gróðurheimt að lokinni efnistöku og áformað er að efnistöku lokinni verði svæðið aftur skilgreint undir landgræðslu og skógrækt.

Breytingin er ekki í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags þar sem segir að efnistaka fari að jafnaði ekki fram á svæðum sem eru undir hverfisvernd. En þar sem svæðið er nú þegar raskað og var nýtt sem efnistökusvæði áður, er því ólíklegt að það hafi mikil áhrif á heildarverndargildi hverfisverndar á svæðinu. Þar sem kvaðir eru á um að framkvæmdum loknum verði gengið frá svæðinu aftur í fyrra horf verða áhrifin einungis tímabundin á meðan framkvæmdum stendur.

3.3 Orkustefna til ársins 2050

Orkustefna til ársins 2050 er langtímaorkustefna stjórvalda þar sem sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar: orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi.

Um orkuöryggi segir m.a. að „*Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öflugt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulif, sem og að vernda innviði orkuiðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúrvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum*“.

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágmörkuð eins og kostur er. Efni úr náminu kemur til með að vera nýtt fyrir starfsemi og rekstur Landsvirkjunar sem miðar að endurbótum og eflingu raforkukerfi landsins.

3.4 Þjóðlenda

Stór hluti hálandis Rangárþings ytra er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfa sig, þar með talið að reisa þar mannvirk, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

3.5 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotanna Langöldulækir (103-930-R)¹ og Tungnaárhraun (103-308-G)². Umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Núverandi ástand vatnshlotsins við Langöldulæk er gott og gert er ráð fyrir að umhverfismarkmið náist. Ástand vatnshlotsins Tungnaárhraun er einnig gott en miðað við vefsjánna er óþekkt með að umhverfismarkmið náist. Til að sporna við mögulegri mengun verður ekki gert ráð fyrir að mikið magn olíu verði geymt á svæðinu, einungis verður fyllt á vinnuvélarnar.

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-930-R>

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-308-G>

3.6 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Minjavörður Suðurlands tók svæðið út og fundust engar þekktar minjar innan skipulagssvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

4.1 Breyting á uppdrætti

Bætt er við nýju efnistökusvæði E124 inn á aðalskipulagsuppdrátt. Skógræktar- og landgræðsluslusvæði (SL26) minnkar sem nemur stærð efnistökusvæðisins. Hverfisvernd mun haldast, þar sem efnistakan er aðeins tímabundið og verður gengið frá tökusvæðinu að framkvæmdum loknum.

4.2 Breyting á greinargerð

Bætt er við nýju efnistökusvæði í töflu í kafla 2.3.9 fyrir efnistökusvæði.

TAFLA 1. Texti í breyttri greinargerð.

EFNISTÖKUSVÆÐI

| NR | HEITI SVÆÐIS | LÝSING | JÖRÐ |
|------|--------------|--|----------|
| E124 | Langalda | Bergnáma, heimiluð efnistaka er allt að 250.000 m ³ . Stærð allt að 11,4 ha. Ekki er gert ráð fyrir starfsmannaðstöðu innan efnistökusvæðis, heimilt er að vera með vinnuskúr í námunni að því tilskyldu að frárennsli o.fl.verði ekið af svæðinu. Óheimilt er að geyma til lengri tíma efni, s.s. olíu, bensín og skyld efni sem geta valdið mengun. Að lokinni notkun námunnar skal gengið frá henni og hún aðlöguð að landinu umhverfis og fái sem náttúrulegast yfirbragð. Heimilt er að græða svæðið upp/planta trjám. Eftir atvikum verður svæðið aftur fellt innan SL26. | Afréttur |

Gerð er breyting á töflu í kafla 2.3.2 Skógræktar og landgræðsluslusvæði þar sem SL26 minnkar um 11,4 ha.

TAFLA 2. Texti í breyttri greinargerð.

SKÓGRÆKTAR- OG
LANDGRÆÐSLUSVÆÐI

| NR | HEITI SVÆÐIS | LÝSING | JÖRÐ |
|------|--------------|--|----------|
| SL26 | Árskógar | Landgræðsluslusvæði, stærð svæðis um 19.052 ha | Afréttur |

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðauka 1.01. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

Framkvæmdin fellur undir lið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þar sem kveðið er á að ef um efnismagn er 50.000 m³ eða meira sé það í flokki B sem nær yfir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli umhverfismati. Unnið er að fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar.

5.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna.

5.2 Umhverfisþættir og áherslur

Skoðuð er áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 3 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjólum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 3. Umhverfisþættir, viðmið og matssurningar.

| UMHVERFISPÁTTUR | UMHVERFISVIÐMIÐ | MATSSURNINGAR |
|---|--|---|
| Landnotkun og landslag <i>Landslag.</i> Ásýnd og sjónræn áhrif. <i>Landnotkun.</i> | <p><i>Landsskipulagsstefna 2015-2026</i></p> <ul style="list-style-type: none">• Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.• Landnyting og mannvirkjagerð vegna orkuvinnslu og orkuflutning taki mið af áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda og verndun viðerna og náttúru miðhálendis. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none">• Stuðla að fjölbreyttari landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands.• Tryggja nægt frambóð efnistökusvæða og þau séu í námund við notkunarstað efnis.• Áhersla á góða umgengi á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.• Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins. <p><i>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none">• Landnyting sé sjálfbær og taki mið af ástandi og getu vistkerfa. <p><i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i></p> | Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landnotkun? |
| Gróður og dýr Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra. | <p><i>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</i></p> <ul style="list-style-type: none">• Landslagsgreining og vistgerðarflokkun lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none">• Stuðla að gróðurvernd og landgræðslu. | Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra? |

| UMHVERFISPÁTTUR | UMHVERFISVIÐMIÐ | MATSSPURNINGAR |
|---|--|---|
| | <ul style="list-style-type: none"> Unnið verður að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða. Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. <p><i>Aðgerðaráætlun i landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Endurheimta vistkerfi á róskuðu landi. Vernda og auka kolefnisforða vistkerfa. <p><i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i></p> <p><i>Vistgerðarkortlagning Ni.</i></p> | |
| Heilbrigði <i>Hávaði.</i> <i>Öryggi.</i> <i>Grunnvatn.</i> | <p><i>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að heilnæmu umhverfi m.t.t. vatnsgæða, loftgæða, hljóðvistar o.fl. <p><i>Aðgerðaráætlun i loftslagsmálum 2018-2023.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda og auka kolefnisbindingu í jarðveg og gróðri. Auka kolefnisbindingu í jarðveg og gróðri. <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. Landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Í nánum innan friðlands, náttúruminjaskrá, vatnsverndarsvæðum eða öðrum verndarsvæðum er óheimilt að geyma olíur eða önnur mengandi efni. <p><i>Vatnaáætlun 2022-2027 og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa. Öll vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum. <p><i>Reglugerð nr. 797/1998 um varnir gegn mengun grunnvatns.</i></p> | <p>Er hætta á hávaða vegna stefnu skipulagsins?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á öryggi á verkstað?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á grunnvatnsstöðu á svæðinu?</p> |
| Samfélag <i>Efnahagur og atvinna íbúar og byggð</i> <i>Samgöngur</i> <i>Raforkuöryggi</i> | <p><i>Aðalskipulag Rangárþing ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Efla byggð og atvinnulif og stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum. <p><i>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag landnotkunar styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli og efla samkeppnishæfni svæða. <p><i>Aðgerðaráætlun i landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Landnýting styður við atvinnu og byggðir í landinu. <p><i>Orkustefna til ársins 2050.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Orkuþörf samfélagsins ávallt uppfyllt með traustum innviðum, með næga afkastagetu og áfallaþol. | <p>Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?</p> |
| Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i> | <p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að varðveislu sögu, náttúru og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða. Landnotkun stuðli að varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu. <p><i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i></p> <p><i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i></p> | <p>Hefur stefnan áhrif á fornminjar?</p> |

5.3 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður boríð saman við tillögu um breytt aðalskipulag.

5.4 Mat á umhverfisáhrifum

BREYTT SKIPULAG:

Áhrif á landnotkun og landslag er neikvæð/óveruleg. Áhrif framkvæmdar á svæðinu eru neikvæð á meðan vinnslunni stendur, en ef gengið er vel frá svæðinu að vinnslu lokinni, og svæðið fært aftur í fyrra horf, eftir því sem kostur er, mun framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á landslagið þar sem það er rýrt fyrir. Svæðið er í dag skilgreint sem skógræktar- og landgræðsluslusvæði sem hefur meiri ásýndaráhrif, gangi það eftir. Nýting efnistökusvæðis kemur ekki í veg fyrir að svæðið verði seinni nýtt undir landgræðslu og skógrækt.

Áhrif á gróður og dýr er neikvæð/óviss. Áhrif á búsvæði dýra eru neikvæð þar sem framkvæmdin mun að öllum líkendum fæla fuglum í burtu. Áhrif á gróður er óvissa þar sem svæðið er þegar raskað og því óvist hversu vel verður hægt að græða svæðið aftur upp að framkvæmdum og frágangi loknu.

Áhrif á heilbrigði er óveruleg. Áhrif á hávaða eru töluverð en ef gætt er að öryggi starfsmanna varðandi hljóðvist og almennt öryggi á verkstað er ólíklegt að það hafi mikil áhrif. Ef settur verður upp aðstöðugámur fyrir starfsmenn á meðan framkvæmdum stendur og allur úrgangur fluttur í burtu er ólíklegt að það hafi neikvæð áhrif á heilbrigði.

Áhrif á samfélag er jákvæð. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið þar sem það gefur möguleika á atvinnutækifæri fyrir verktaka á svæðinu. Þar að auki verður efni úr námunni nýtt í uppbyggingu á vindlundi sem styrkir afhendingaröryggi raforkukerfisins.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

GILDANDI SKIPULAG:

Áhrif á landnotkun, landslag, gróður og dýr er jákvæð/óveruleg. Landið heldur sér eins og það er.

Áhrif á heilbrigði og samfélag er óveruleg. Engin breyting – svæðið heldur sér eins og það er.

Áhrif á náttúru- og náttúrumínjar eru óveruleg. Engin breyting. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

5.4.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni á þeim forsendum að vontun er á efnistökusvæði á svæðinu fyrir þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru. Landsvirkjun mun ganga eins vel frá svæðinu og kostur er að framkvæmdum loknum. Ásýndaráhrif verða alltaf af efnisvinnslu en svæðið er nú þegar að hluta til raskað eftir fyrri efnistöku þannig ólíklegt er að það hafi mikil áhrif á ásýnd svæðis og ákjósanlegri kostur heldur en efnistaka annarstaðar á óröskaðu hrauni. Auk þess er svæðið nú þegar skilgreint sem skógræktar- og landgræðsluslusvæði, sem að öllu jöfnu hefur meiri ásýnaráhrif en vel frágengið námusvæði. Gæta skal að raska landi sem minnst þ.m.t. hraunum utan skilgreinds efnistökusvæðis og slóða frá Landvegi að svæðinu. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið til uppbyggingar á umhverfisvænni orkuvinnslu og eftir atvikum til uppbyggingar vegakerfis.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í febrúar 2024. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Brunavörnum Rangárvallasýslu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni, Landsneti, Forsætisráðuneytisins og Umhverfisstofnun. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

6.1 Umsagnaraðilar


Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Forsætisráðuneytið
- Land og Skógur
- Landsnet

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferli

Eftirfarandi er áætlað skipulagsferli.



6.3 Breytingar að lokinni auglýsingu


Á auglýsingatíma bárust umsagnir frá 6 aðilum.

Umsagnir kalla ekki á efnislegar breytingar en mynd 1 var uppfærð og skerpt á umfjöllun um áhrif á hraun í kafla 5.4.1. Þá var töfluheiði og stærð svæða í töflu 2 leiðrétt.

Umfjöllun um landsskipulagsstefnu var uppfærð í samræmi við nýja Landsskipulagsstefnu 2024-2038.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028



Breyting aðalskipulags - Efnistaka við Langöldu



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- ██████ Sveitarfélamörk
- Stofnvegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Landsvegir
- - - Slóðar
- - - Gönguleið
- - - Reiðleið
- Ⓐ Háspennulína 132-220 kV
- Stiflur
- Hverfisvernd
- Vatnafar_línur
- Á, lækur
- Stöðuvatn, tjörn
- Hæðarlínur
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Öbyggð svæði
- Fornminjar undir hverfisvernd ónálvæm staðsetr



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



Breyting - aðalskipulags
Efnistaka við Langöldu

Verk: 108288
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt:BRE/IS

Mælikvarði: 1:50.000
Breytt dags:

Dags:21.03.2024